



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Innanríkisráðuneytið  
Sölvhólgötu 7

Reykjavík, 14. nóvember 2011

150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög. Markmið frumvarpsins er að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og jafna þannig stöðu umræddra félaga á öllum sviðum samfélagsins.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur að með því verði ofangreindu markmiði náð og lífsskoðunarfélög verði jafnsett skráðum trúfélögum að lögum.

Frelsi einstaklingsins til þess að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og trúar hefur notið verndar í fjöldamörg ár í hinum ýmsu mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að. Má t.d. nefna 18. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 9. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu og 18. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn málaleg réttindi.

Þessu frelsi má ekki setja skorður nema með lögum og aðeins ef þær takmarkanir eru nauðsynlegar til að vernda öryggi almennings, reglu, heilbrigði, siðgæði eða grundvallarréttindi og frelsi annarra.

Mannréttindaskrifstofan fagnar því sérstaklega að gert er ráð fyrir því að við skráningu lífsskoðunarfélags öðlast það rétt til sóknargjalda fyrir skráða meðlimi félagsins, enda styrkir það og eflir félögin í sínu starfi.

Þrátt fyrir almenna ánægju Mannréttindaskrifstofu við frumvarpið þykir þó tilefni til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins er lítur að skráningu barna í trúfélög. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að skráning fari nú ekki eingöngu eftir skráðu trúfélagi móður heldur beggja foreldra. Sú breyting er jákvæð að því leyti að hún stenst betur jafnréttislög en núgildandi ákvæði. Hins vegar er Mannréttindaskrifstofa þeirrar skoðunar að það eigi að vera í verkahring foreldra barns að ákveða hvaða trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi barn eigi að tilheyra og því eigi þau að sjá um þá skráningu sjálf en ekki ríkið. Í 2. mgr. 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum) segir að; aðildarríki skulu



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

virða rétt og skyldur foreldra, og lögráðamanna, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum, til frjálsrar hugsunar, sannfæringa og trúar, sem samræmist vaxandi þroska þess. Í þessu ákvæði felst því að það er skylda foreldra til að aðstoða barn við slíka ákvörðun og taka afstöðu hafi barn ekki þroska til þess sjálft að taka ákvörðun um þessi mál. Því er lagt til að ákvæðið kveði á um það að foreldrar barns í hjúskap eða skráðri sambúð taki sameiginlega ákvörðun um skráningu barns í trúar- eða lífsskoðunarfélag og fram til þess tíma verði staða barns að þessu leyti ótilgreind.

Mannréttindaskrifstofan gerir einnig athugasemd við 14. grein þar sem lagt er til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2013. Í greinagerð með frumvarpinu segir að það sé m.a. vegna þarfa Þjóðskrár til að aðlaga tölvukerfi sitt. Mannréttindaskrifstofan telur æskilegt að slíka aðlögun þjóðskrár og ef til vill annarra aðila beri að framkvæma svo fljótt sem auðið er svo lögin geti megi taka gildi hið fyrsta. Slíkt jafnréttismál ætti ekki að bíða svo langan tíma eingöngu vegna tæknilegrar útfærslu í tölvukerfi einnar stofnunar.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri